

Ársfundur Nýheima þekkingarseturs 10. apríl 2019

Sjötti ársfundur Nýheima þekkingarseturs (Nb) haldinn í Nýheimum miðvikudaginn 10. apríl 2019 kl. 16:30.

Ragnhildur Jónsdóttir var fundarstjóri og Hugrún Harpa Reynisdóttir fundarritari. Ragnhildur setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og fór yfir dagskrá fundar.

Málefni fundarins:

I. Skýrsla Stjórnar

Kristín Hermannsdóttir formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar og Hugrún Harpa forstöðumaður Nb fór yfir starfsskýrslu forstöðumanns. Fram kemur í skýrslum stjórnar og forstöðumanns að verkefni setursins eru mörg og fjölbreytt. Setrið hefur frá stofnun verið að vaxa með auknum verkefnum og fjölgun starfsfólks. Í samræmi við markmið setursins sem sett eru fram í skipulagsskrá verður áfram megin áhersla lögð á aukin lífsgæði íbúa og eflingu nærsamfélagsins í störfum setursins.

II. Ársreikningur 2018

Eyrún Helga Ævarsdóttir fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Hagnaður varð af rekstri stofnunarinnar á árinu að fjárhæð 0,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 8,3 millj. kr. Ársreikningur var samþykktur og undirritaður af stjórn.

III. Skipun í embætti stjórnar

Lögð var fram tillaga um skipan í embætti stjórnar og var hún samþykkt, skipað er í embætti til tveggja ára.

Formaður: Vilhjálmur Magnússon

Varaformaður: Steinunn Hödd Harðardóttir

Gjaldkeri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Kristín Hermannsdóttir


IV. Önnur mál

Umræður sköpuðust um þjónustu þekkingarsetursins við háskólanema og tilfærslu þjónustunnar frá Háskólfélagi Suðurlands til Nýheima.

Einnig var rætt um aðgengi íbúa að húsnæði Nýheima, áherslu á umhverfismál í Nýheimum og aukið upplýsingaflæði milli tengdra stofnana.

Rætt var um verkefnastöðu og fjárhag setursins sem og mikilvægi þess að auka grunnfjármagn til setursins svo setrið geti haldið áfram að vaxa til framtíðar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 17:30



The image shows three handwritten signatures in black ink. The top signature is "Kristín Hermannsdóttir", the middle one is "Ragnhildur Jónsdóttir", and the bottom one is "Hugrún Harpa Reynisdóttir".